

ÁRSSKÝRSLA 2006



## ÁRSSKÝRSLA 2006

Aðalfundur 17. mars 2007



## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	6
Ávarp framkvæmdastjóra	8
Fyrirtæki KEA	10
Samstæðuársreikningur 2006	
- Áritun endurskoðenda	12
- Skýrsla stjórnar	13
- Rekstrarreikningur ársins 2006	14
- Efnahagsreikningur 31. desember 2006	15
- Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006	16
- Skýringar	17

**Hönnun:** Stíll.

**Prentun:** Ásprent.

**Ljósmyndir:** Dagsljós/Finnbogi Marinósson.



## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

KEA hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu árum sem eru að skila sér með jákvæðum hætti á ýmsum sviðum. Félagið hefur verið að breytast úr hefðbundnu kaupfélagi yfir í fjárfestingarfélag og búið að verja miklum tíma og ómældri vinnu í að hrinda breytingunum í framkvæmd. Vel hefur tekist til og vart í annan tíma ríkt meiri jákvæðni í garð félagsins. Hlutverk félagsins er skýrara en fyrr, starfsemi félagsins er í vel skilgreindum farvegi og allt verkefnaflæði hefur aukist umtalsvert. Áhugi fjárfesta og fjármálastofnana á félaginu fer vaxandi og leiðir það vonandi af sér aukin sóknarfæri á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

Á tiltölulega skömmum tíma hefur félagsmönnum fjölgað verulega og þeir eru nú rúmlega 13.200 talsins. Yngra fólk hefur verið að ganga í félagið í auknum mæli og er aldursdreifing félagsmanna að færast nær almennri aldursdreifingu á félagssvæðinu. Einn megintilgangur KEA sem þáttökufélags er að leita eftir hagstæðum samningum um viðskiptakjör fyrir félagsmenn. Í því skyni var KEA-kortið sett á laggirnar. Mjög mikil eindrægni og ánægja hefur ríkt um kortið og má fullyrða að mun betur hafi til tekist en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Óhætt er að segja að langstærsti hluti þess arðs sem hinn almenni félagsmaður er að hafa af starfsemi KEA liggir í þeim viðskiptakjörum sem KEA-kortið býður upp á.

Eitt af hlutverkum KEA sem fjárfestingarfélags er að vinna í þágu eigenda sinna að eflingu atvinnulífs og búsetuskilyrða á starfssvæðinu. KEA hefur á undanförunum mánuðum og misserum fjárfest í mörgum fyrirtækjum sem hafa trausta fótfestu á félagssvæðinu en auk þess starfsemi víðar. KEA hefur einnig komið að fjölmörgum öðrum verkefnum á félagssvæði sínu og hefur síðustu ár verið ráðstafað 40-60 milljónum króna árlega til samfélagsins í gegnum styrki til menningar-, mennta-, íþrótt- og æskulýðsmála. Þetta er í raun bein arðgreiðsla félagsins til samfélagsins og félagsmanna. Þessi ráðstöfun fjármuna markar félaginu mikla sérstöðu.

Það er afar mikilvægt fyrir KEA að eigendur félagsins haldi áfram að byggja fyrirtækið upp með þeim hætti sem gert hefur verið að undanförunu. Það er grundvallaratriði að viðhalda trausti á félaginu sem fjárfesti og ábyrgum samstarfsaðila. Að sama skapi er mikilvægt að sýna fram á stöðugleika í umgjörð fyrirtækisins, viðhafa jákvæðan aga, hafa skýra stefnu og framfylgja henni. Þannig mun félaginu vel farnast í nútíð og framtíð.

  
**Hannes Karlsson**  
Stjórnarformaður





## ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

### Ágætu félagsmenn.

Liðið rekstrarár var um margt sérstakt ár. Fjárfestingaumhverfið var róstudamt og miklar sveiflur voru á flestum innlendum mörkuðum. Um miðjan febrúar voru birtar neikvæðar greiningarskýrslur um íslensku bankana og hafði það víðtæk áhrif, m.a. varð verulegt gengisfall hlutabréfa og krónunnar auk þess sem töluverð verðbólga var á árinu. Umhverfi til fjárfestinga var því almennt séð ekki ákjósanlegt. Þetta var fyrsta heila árið sem félagið starfaði eftir þeirri stefnu sem mörkuð var á árinu 2005 og kynnt á aðalfundi félagsins það ár. Nýtt merki félagsins var tekið í notkun, nafni þess breytt, félagsmönnum fjölgaði umtalsvert og KEA-kortið var sett í loftið. Töluverð vinna og framgangur átti sér stað í þeim samgönguverkefnum sem félagið á aðild að.

Í sumarlok sameinuðust Upphaf ehf. og Tækifæri hf. undir merkjum þess síðarnefnda en þessi tvö fyrirtæki höfðu starfað á sama sviði og fjárfest að mestu í sömu verkefnum. Sameinað félag er með eigið fé upp á 700 milljónir króna og á KEA nú 34% eignarhlut í Tækifæri hf.

Í október var tilkynnt um stofnun SAGA fjárfestingarbanka á Akureyri. Er um að ræða merkan viðburð því vart hefur í seinni tíð verið stofnað fyrirtæki á þessu svæði með jafn mikið eigið fé í upphafi. Fyrir hálfu öðru ári síðan kviknaði upphafleg hugmynd um að setja á stofn fjárfestingarbanka á Akureyri og hafði KEA frumkvæði að því verkefni. Auk KEA eru lykilstarfsmenn, Sparisjóðir og aðrir fjárfestar hluthafar í bankanum. Þetta er ekki áhættulaus fjárfesting og er töluvert lagt undir. Það er hins vegar mat mitt að í þessum geira liggja töluverð vaxtartækifæri.

Á síðasta ári var keyptur 44% eignarhlutur í Sandblæstri og málmhúðun hf. en það félag er eitt af stærstu fyrirtækjum á Akureyri og á sér langa og farsæla rekstrarsögu. Eignarhlutir í Kælismiðjuni Frost hf., Miðlun ehf., Útgáfufélaginu ehf. og Slippnum Akureyri ehf. voru keyptir auk þess sem unnið var í fjárfestingarverkefnum vegna útvíkkunar og samruna félaga í gegnum þau fyrirtæki sem KEA á hlut í.

Ákvörðun var tekin um að byggja upp fasteignafélag og verður það mögulega þróað í samstarfi við aðra fjárfesta. KEA mun leggja áherslu á að vinna áfram í núverandi fjárfestingarverkefnum ásamt því að leita að nýjum verkefnum sem uppfylla fjárfestingarstefnu félagsins.

Hagnaður félagsins á síðasta ári nam 287 milljónum króna. Rekstur félagsins á árinu 2006 var viðunandi sé tekið mið af þeirri fjárfestingarstefnu sem félagið styðst við, öðrum ávöxtunarvalkostum og ráðstöfun fjármuna til ótekmumyndandi verkefna eða verkefna með takmarkaða arðsemismöguleika. Fjárhagsleg staða félagsins er sterk, eigið fé er um 4,5 milljarðar króna og heildareignir félagsins rúmir 5,4 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfall félagsins um síðustu áramót var 84%.

Á heildina litið er ánægjulegt hvernig til tókst í starfsemi félagsins á síðasta ári og sérstakt gleðiefni að finna þann góða samhljóm sem verið hefur með félagsmönnum og samstarfsaðilum um þau margbreytilegu verkefni sem ráðist var í. Það er vísbending um að félagið sé á réttri leið.

Halldór Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri





## EIGNASAFN KEASAMSTÆÐUNNAR

### Akur ehf.

Akur er eignarhaldsfélag um Þekkingu (100%), Stefnu (70%) og Tölvuskólann Þekkingu (100%). Þekking er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni og starfsstöðvar eru á tveimur stöðum á landinu, á Akureyri og í Kópavogi. Félagið býður fyrirtækjum upp á alhliða rekstrarþjónustu, kerfisveitu, hýsingu, internetþjónustu og gagnaflutninga ásamt margs konar sérlausnum, ráðgjöf og kennslu. Stefna er upplýsingatæknisetur sem sérhæfir sig í hugbúnaðargerð og gerð sérlausna og einbeittir sér að hönnun, þróun og sölu á hugbúnaði. Tölvuskólinn Þekking annast hvers konar kennslu og tölvuráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og útskrifar nemendur með jafnt hagnýta sem fræðilega þekkingu í tölvu- og viðskiptagreinum. Hjá þessum félögum Akurs starfa yfir 60 manns og eignarhlutur Hildings er 50%.

[www.thekking.is](http://www.thekking.is) [www.stefna.is](http://www.stefna.is) [www.tsk.is](http://www.tsk.is)

### Ásprent Stíll ehf.

Fyrirtækið varð til við sameiningu Ásprents, Alprents og auglýsingastofunnar Stíls á haustdögum 2003, síðan sameinuðust félaginu Límmiðar Norðurlands árið 2005 og Stell árið 2006. Félagið annast alhliða prentþjónustu, grafíska hönnun, útgáfustarfsemi og auglýsinga- og skiltagerð. Um er að ræða stærstu prentsmiðju landsins utan höfuðborgarsvæðisins og var afkastageta hennar aukin umtalsvert með fjárfestingum í nýjum og fullkomnum búnaði á árinu 2006. Hjá félaginu starfa 45 manns, auk fjölda blaðbera. Eignarhlutur Hildings er tæp 60%.

[www.asprent.is](http://www.asprent.is)

### Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost veitir almenna þjónustu, sinnir verktakastarfsemi og hannar heildarlausnir í kæliiðnaði. Félagið hefur hannað, sett upp og þjónustað kælikerfi fyrir flest stærri frystihús landsins, allar helstu frystigeymslur, ísverksmiðjur, rækjuverksmiðjur, kjöt- og mjólkurvinnslur og kælikerfi um borð í fjölda fiskiskipa. Félagið er hið stærsta sinnar tegundar á landinu og er með þjónustu-deildir á Akureyri og í Reykjavík. Í nóvember keypti félagið þriðjung í færeyska félaginu P/f Frost en það er annað af tveimur stærstu fyrirtækjum í kæliiðnaði þar í landi. Hjá Kælismiðjunni Frost starfa tæplega 30 manns og Hildingur á um fimmtungu hlut í félaginu.

[www.frost.is](http://www.frost.is)

### Miðlun ehf.

Miðlun veitir margþætta þjónustu á sviði viðskiptatengsla. Þjónustuver félagsins annast símsvörun fyrir fjölmörg fyrirtæki, söluver annast úthringingar og fylgir eftir söluverkefnum, Gula línan er öflug upplýsingaveita um fyrirtæki og einstaklinga og félagið er um þessar mundir að hasla sér völl á sviði kannana af ýmsu tagi. Starfsstöðvar Miðlunar eru á Akureyri og í Reykjavík. Hjá Miðlun starfa nú um 25 manns og eignarhlutdeild Hildings er 15,8%.

[www.midlun.is](http://www.midlun.is)

### Norðlenska matborðið ehf.

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Á Akureyri eru höfuðstöðvar fyrirtækisins, stórgripasláturhús og kjötvinnsla, á Húsavík eru sauðfjársláturhús og kjötvinnsla, í Reykjavík eru söluskrifstofa og á Höfn er sauðfjársláturhús. Hjá félaginu starfa tæplega 200 manns og eignarhlutur Hildings í félaginu er 45,5%.

[www.nordlenska.is](http://www.nordlenska.is)

### Saga fjárfestingar hf.

Fjárfestingarbankinn Saga fjárfestingar hf. var stofnaður á haustmánuðum 2006 með 25% eignarhlutdeild Hildings. Bankinn mun starfa á landsvísu með höfuðstöðvar á Akureyri, þar sem áætlað er að starfi 12-15 manns og einnig með starfsstöð í Reykjavík. Bankinn mun leggja áherslu á verkefni á fyrirtækjamarkaði s.s. samruna og yfirtökur, fjárfestingalán, útlán og stöðutökur á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Reiknað er með formlegri opnun starfseminnar í apríl 2007.

[www.sagacapital.is](http://www.sagacapital.is)



### **Sandblástur og málmhúðun hf.**

Sandblástur og málmhúðun er þjónustufyrirtæki við málmíðnað og hefur yfir að ráða stærstu zinkhúðun landsins. Öflug heildsala og innflutningur stáls og rekstrarvöru fyrir málmíðnað er veigamikill þáttur starfseminnar. Athafnasvæði Sandblásturs og málmhúðunar á Akureyri er yfir 20.000 fm og meðal helstu framleiðsluvara má nefna ljósastaura, vegrið, girðingar og ristar. Ferro Zink í Hafnarfirði er að fullu í eigu Sandblásturs og málmhúðunar og annast m.a. stálheildsölu á höfuðborgarsvæðinu. Þá á félagið einnig 25% eignarhlut í Vélaverkstæði G. Skúlasonar á Neskaupstað. Starfsmenn eru hátt á sjöunda tuginn og eignarhlutur Hildings 44%.

[www.sandblastur.is](http://www.sandblastur.is)

### **Slippurinn Akureyri ehf.**

Hjá Slippnum Akureyri er alhliða þekking og reynsla í þjónustu við sjávarútveg og fleiri atvinnugreinar. Félagið starfrækir upptökumannvirki og er með stóra flotkví í rekstri, veitir þjónustu á sviði málmíðnaðar og annast sölu hvers kyns varahluta tengdri starfseminni. Þá hefur félagið m.a. annast verkefni af ýmsum stærðum og gerðum viðkomandi uppbyggingu virkjana og stóriðju. Starfsmannafjöldi hefur verið í kringum 65 manns og eignarhlutdeild Hildings í félaginu er 10%.

[www.slipp.is](http://www.slipp.is)

### **Útgáfufélagið ehf.**

Félagið gefur út vikublaðið Vikudag og er eignarhlutur Hildings 71%. Starfsmenn eru fjórir og megindreifingarsvæði Eyjafjörður, en auk þess er blaðið með fjölda lesenda víðar og mætti þar nefna Þingeyjarsveit og höfuðborgarsvæðið. Blaðið er selt í áskrift og aflar auk þess tekna með auglýsingum. Blaðið hefur nýlega opnað öfluga heimasíðu fyrir nýjar fréttir auk annarra upplýsinga af ýmsu tagi.

[www.vikudagur.is](http://www.vikudagur.is)

### **Tækifæri hf.**

Tækifæri hf. er fjárfestingarsjóður sem starfræktur hefur verið frá árinu 1999. Markmið sjóðsins var upphaflega bundið við fjárfestingar í nýsköpun og uppbyggingu atvinnutækifæra á Norðurlandi en fyrir rúmu ári síðan var fjárfestingarstefnan útvíkuð og getur sjóðurinn nú fjárfest á fleiri sviðum og víðar á landinu. Á síðasta ári átti sér stað samruni Tækifæris og Upphafs-Nýsköpunar sem var fjárfestingarsjóður í eigu KEA, en sjóðirnir voru í mörgum tilvikum að vinna við sömu fjárfestingarverkefni og augljós hagræðing af sameiningu þeirra. Eftir samrunann er eignarhlutur KEA í Tækifæri 33,4% og er félagið nú langstærsti einstaki hluthafinn í Tækifæri en samtals eru eigendur á fimmta tuginn; stærstir eru Akureyrarbær, Lífeyrissjóður Norðurlands, sparisjóðir og sveitarfélög. Hlutfé Tækifæris er 764 mkr. og í eignasafni félagsins eru nú á annan tug fjárfestinga. Sjóðurinn hefur verið í vörslu Íslenskra verðbréfa.

[www.iv.is](http://www.iv.is)

### **Fasteignafélagið Klappir ehf.**

Félagið er í 100% eigu KEA en það var upphaflega stofnað í kringum kaup félagsins á Glerárgötu 36, þar sem skrifstofur KEA eru nú til húsa. Nafninu hefur verið breytt og eignum fjölgað en stefnt er að frekari uppbyggingu félagsins á komandi misserum og er þá fyrst og fremst horft til atvinnuhúsnaðis og þróunarverkefna ýmiss konar.

### **Norðurvegur**

Í febrúar 2005 var stofnað undirbúningsfélag um byggingu hálendisvegjar milli Norður og Suðurlands. Markmið félagsins er að sem fyrst verði ráðist í nauðsynlegar undirbúningsathuganir vegna vegagerðar um Kjöl með það að markmiði að tengja norður- og suðurland.

### **Greið leið**

Hlutfélagið Greið leið ehf. var stofnað 28. febrúar 2003 sem undirbúningsfélag fyrir gerð jarðganga undir Vaðlaheiði. Að félaginu standa öll sveitarfélög í Eyþingi, auk 10 fyrirtækja. Tilgangur félagsins er að standa fyrir nauðsynlegum undirbúningi fyrir stofnun félags um gerð og rekstur jarðganga undir Vaðlaheiði. Þar með talið er kynningarstarf, áætlanagerð og samningar við ríki og fjárfesta.

**SAMSTÆÐUREIKNINGUR 2006**

KEA svf.



## ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og félagsmanna í KEA svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning KEA svf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning KEA og dótturfélagsins Hildings ehf. og greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reiknings-skilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 8. febrúar 2007

**Deloitte hf.**

**Hólmgrímur Bjarnason**  
Endurskoðandi

**Ragnar Jóhann Jónsson**  
Endurskoðandi

## SKÝRSLA STJÓRNAR

KEA svf. er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu félagsmanna sinna að eflingu atvinnulífs og búsetu-skilyrða á félagssvæði sínu.

Hagnaður KEA á árinu 2006 nam kr. 287.032.255. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.410.481.568, bókfært eigið fé í árslok er kr. 4.509.637.724 og er eiginfjárlutfall félagsins 83,35%.

Í lok ársins voru félagsmenn 13.052 en voru 9.060 í upphafi árs.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.


Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra KEA koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri KEA staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Akureyri, 8. febrúar 2007

Í stjórn:



Hannes Karlsson  
Stjórnarformaður



Björn Friðbjósson



Jóhannes Ævar Jónsson




Benedikt Sigurðarson



Njáll Trausti Friðbertsson



Soffía Ragnarsdóttir



Úlfhildur Rögnvaldsdóttir



Halldór Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri



## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2006

	Skýr.	2006	2005
Fjármunatekjur .....		531.418.241	568.088.239
Afskrift krafna og eignarhluta .....		(10.406.925)	(52.066.308)
Fjármagnsgjöld .....		(19.871.768)	(15.378.182)
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<u>501.139.548</u>	<u>500.643.749</u>
Laun og launatengd gjöld .....	3	(45.222.647)	(71.786.186)
Annar rekstrarkostnaður .....		(57.342.026)	(43.239.711)
Veittir styrkir .....		(42.873.061)	(58.421.809)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<u>355.701.814</u>	<u>327.196.043</u>
Tekjuskattur .....	4	(68.669.559)	(64.063.274)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>287.032.255</u></u>	<u><u>263.132.769</u></u>

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2006

### Eignir

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
Markaðsverðbréf .....	7	3.131.436.647	4.006.896.321
Fjárfestingaverðbréf .....	8	1.019.020.251	491.267.883
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....	9	941.764.721	321.782.783
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	2.619.796	15.000.000
Handbært fé .....		28.839.688	63.014.551
Aðrar eignir .....		286.800.465	203.248.086
<b>Eignir</b>		<u>5.410.481.568</u>	<u>5.101.209.624</u>

### Eigið fé og skuldir

<b>Eigið fé</b>	10		
Stofnsjóður félagsmanna .....		6.526.000	4.817.000
Lögbundinn varasjóður .....		1.631.500	1.204.250
Óráðstafað eigið fé .....		4.501.480.224	4.254.706.619
Eigið fé		<u>4.509.637.724</u>	<u>4.260.727.869</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	429.374.926	423.150.435
Lántaka .....	11	184.215.279	260.637.028
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	4	62.445.058	40.384.351
Aðrar skuldir .....		224.808.581	116.309.941
Skuldir		<u>900.843.844</u>	<u>840.481.755</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>5.410.481.568</u>	<u>5.101.209.624</u>



## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		355.701.814	327.196.043
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda .....		(416.124.592)	(352.878.319)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....		314.405	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		(12.500.000)	0
<b>Veltufé til rekstrar án skatta</b>		<u>(72.608.373)</u>	<u>(25.682.276)</u>
Rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(28.008.486)	(2.502.510)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		(23.593.256)	17.250.545
<b>Handbært fé til rekstrar án skatta</b>		<u>(124.210.115)</u>	<u>(10.934.241)</u>
Greiddir skattar .....		(40.384.351)	(19.480.924)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<u>(164.594.466)</u>	<u>(30.415.165)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Markaðsverðbréf .....		1.294.962.401	(1.770.222.013)
Fjárfestingarverðbréf .....		(497.044.628)	1.878.948.028
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur .....		(564.599.958)	34.787.152
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		(2.934.201)	0
Kröfur .....		(28.043.893)	(164.789.437)
		<u>202.339.721</u>	<u>(21.276.270)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		(39.831.400)	(40.933.333)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		0	39.634.736
Afborganir langtímalána .....		(33.797.718)	0
Stofnsjóður félagsmanna .....		1.709.000	723.500
Nýjar langtímaskuldir .....		0	25.307.199
		<u>(71.920.118)</u>	<u>24.732.102</u>
Lækkun handbærs fjár .....		(34.174.863)	(26.959.333)
Handbært fé í upphafi árs .....		63.014.551	89.973.884
Handbært fé í lok árs .....		<u>28.839.688</u>	<u>63.014.551</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé til rekstrar .....		<u>(137.053.793)</u>	<u>(73.378.189)</u>

## SKÝRINGAR

### 1. Starfsemi

KEA er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

KEA er fjárfestingarfélag sem vinnur í þágu eigenda sinna að því að efla atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæði sínu.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KEA fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Gerð hefur verið breyting frá fyrra ári á framsetningu efnahagsreiknings og sjóðstreymis til að aðlaga yfirlitin betur að núverandi starfssemi KEA, samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

#### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreiknings dótturfélagsins Hildings ehf.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

#### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Engir framvikrir gjaldeyrisrískiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

#### Skráning tekna

Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

#### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.





## SKÝRINGAR

### 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

#### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinnægn er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

#### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem ætlu er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem þær falla til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í hlutdeildar- og dótturfélögum eru færðir meðal fjárfestingarverðbréfa. Þeir eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu en ekki samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru ekki innifaldir í samstæðunni þar sem starfsemi þessara félaga er svo ólík starfsemi móðurfélagsins. Eina undantekningin frá þessu er dótturfélagið Hildingur ehf. sem er 100% í eigu KEA. Hildingur er fjárfestingarfélag eins og móðurfélagið og er það innifalið í samstæðuársreikningnum.

#### Lántaka

Lántaka eru færð á nafnverði að frádragnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna lántaka eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

## SKÝRINGAR

### 3. Launamál

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2006	2005
Laun og starfslokasamningur .....	35.272.582	58.422.933
Launatengd gjöld .....	9.950.065	13.363.253
	<u>45.222.647</u>	<u>71.786.186</u>
Meðalfjöldi starfa .....	4	3

Heildarlaun og þóknarir til stjórnenda félagsins á árinu 2006 námu 20,3 milljónum króna. Bókfærð skuld vegna starfslokasamnings við fyrrverandi framkvæmdastjóra nam kr. 23,8 milljónum króna í árslok 2006.

### 4. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 68,7 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 nemur 62,4 milljónum króna.

Útleiðsla á virku skatthlutfalli:	2006		2005	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	355.701.814		327.196.043	
Skatthlutfall, 18% .....	64.026.327	18,0%	58.895.288	18,0%
Fenginn arður .....	-200.305	-0,1%	-8.964.000	-2,7%
Ófrádráttarbærir styrkir .....	6.483.826	1,8%	10.075.206	3,1%
Hlutdeild í afkomu dótturfélags .....	<u>-1.640.288</u>	-0,5%	<u>0</u>	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>68.669.559</u>	19,3%	<u>60.006.494</u>	18,3%

### 5. Arður

Á árinu 2006 var arður að fjárhæð kr. 39.831.400 greiddur til félagsmanna. Afdreginn fjármagnstekjuskattur nam kr. 3.983.140 þannig að til útborgunar komu kr. 35.848.260.

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar og húsgögn	Fasteign Kaupvangsstr.	Samtals
Stofnverð 1.1.....	0	15.000.000	15.000.000
Bókfært verð 1/1.....	0	15.000.000	15.000.000
Viðbót á árinu.....	2.934.201	0	2.934.201
Selt á árinu .....	0	(15.000.000)	(15.000.000)
Afskrifað á árinu.....	(314.405)	0	(314.405)
Bókfært verð 31.12.2006 .....	<u>2.619.796</u>	<u>0</u>	<u>2.619.796</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar meðal annars rekstrarkostnaðar.



## SKÝRINGAR

### 7. Markaðsverðbréf

	2006	2005
Staða í ársbyrjun .....	4.006.896.321	2.016.302.612
Keypt á árinu .....	6.087.180.858	6.160.276.903
Selt á árinu .....	(7.382.143.259)	(4.390.054.890)
Verðbreytingar .....	419.502.727	220.371.696
Staða í árslok .....	3.131.436.647	4.006.896.321

### 8. Fjárfestingaverðbréf

	2006	2005
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	1.019.020.251	491.267.883
	1.019.020.251	491.267.883
Staða í ársbyrjun .....	491.267.883	2.233.429.965
Keypt á árinu .....	1.049.342.021	278.236.965
Selt á árinu .....	(512.078.833)	(1.975.265.698)
Niðurfærsla .....	(9.510.820)	(45.133.349)
Staða í árslok .....	1.019.020.251	491.267.883

Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig í árslok:

	Eignarhluti	Nafnverð
Ásprent Stíll hf. ....	59,06%	78.550.000
Eignarhaldsfélagið Akur ehf. ....	50,00%	40.450.000
Fjárfestingafélagið Sylgja ehf. ....	100,00%	41.500.000
G36 ehf. ....	100,00%	500.000
Grandhótel Mývatn ehf. ....	1,55%	1.000.000
Greið leið ehf. ....	22,68%	22.675.730
Hraun í Öxnadal ehf. ....	16,67%	2.000.000
Miðlun ehf. ....	15,80%	1.143.500
Norðlenska matborðið ehf. ....	45,45%	250.000.000
Norðurvegur ehf. ....	25,00%	5.000.000
Saga fjárfestingar hf. ....	25,00%	2.222.000
Sandblástur og málmhúðun ehf. ....	44,00%	2.875.136
Slippurinn Akureyri ehf. ....	10,00%	5.000.000
Tækifæri hf. ....	33,42%	255.606.215
Útgáfufélagið ehf. ....	71,00%	11.360.000
Þekkingarvörður ehf. ....	17,94%	500.000

## SKÝRINGAR

### 9. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	2006	2005
Staða í ársbyrjun .....	327.819.928	427.845.333
Keypt á árinu .....	640.366.080	2.022.937.145
Innborganir á árinu .....	(40.529.530)	(2.131.258.976)
Verðbreytingar .....	20.145.388	14.589.830
Afskrifað á árinu .....	0	(6.293.404)
Staða í árslok .....	947.801.866	327.819.928
Niðurfærsla .....	(6.037.145)	(6.037.145)
	<u>941.764.721</u>	<u>321.782.783</u>

### 10. Eigið fé

	Stofnsjóður félagsmana	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2006 .....	4.817.000	1.204.250	4.254.706.619	4.260.727.869
Innborgað í stofnsjóð .....	2.193.000			2.193.000
Fært úr stofnsjóði .....	(484.000)			(484.000)
Greiddur arður til félagsmanna .....			(39.831.400)	(39.831.400)
Hagnaður ársins .....			287.032.255	287.032.255
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		427.250	(427.250)	
Eigið fé 31.12.2006 .....	<u>6.526.000</u>	<u>1.631.500</u>	<u>4.501.480.224</u>	<u>4.509.637.724</u>

### 11. Lántaka

	31.12.2006	31.12.2005
Skuldir í ISK .....	184.215.279	260.637.028
Lántaka í árslok .....	<u>184.215.279</u>	<u>260.637.028</u>

### 11. Lántaka (framhald)

Afborganir af lántöku greinast þannig:

	Lán
Næsta árs afborganir .....	64.407.377
Afborganir 2008 .....	49.724.531
Afborganir 2009 .....	35.041.685
Afborganir 2010 .....	35.041.685
	<u>184.215.279</u>



## SKÝRINGAR

### 12. Frestaður skattur

Staða í ársbyrjun .....	423.150.435
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2006 .....	68.669.559
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2007 .....	(62.445.068)
Staða í árslok .....	<u>429.374.926</u>

### 12. Frestaður skattur (framhald)

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2.369.328
Eignarhlutar í félögum .....	183.621.197
Frestaður söluhagnaður hlutabréfa .....	250.500.991
Skammtímakröfur .....	(2.824.933)
Aðrir liðir .....	(4.291.657)
	<u>429.374.926</u>

### 13. Ábyrgðir og önnur mál

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 354 milljónum króna og eru sjálfskuldarábyrgðir sem félagið hefur veitt í tengslum við fjárfestingaverkefni sem það hefur tekið þátt í.

Þá hefur félagið á reikningsskiladegi skuldbundið sig með sérstöku hluthafasamkomulagi til að leggja 500 milljónir króna í nýtt hlutafé í Fjárfestingarbankanum Saga fjárfestingar hf.



KEA

KEA svf.  
Glerárgötu 36  
600 Akureyri  
Sími: 460 3400  
Fax: 460 3401  
[www.kea.is](http://www.kea.is)